

Nd.

710. Nefndarálit

[203. mál]

um frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frumv. verði samþykkt með breytingu við 6. gr. Meiri hl. ber fram svofellða

BREYTINGARTILLÖGU:

6. gr. orðist svo:

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

Minni hl. n. áskilur sér rétt til að flytja aðra brtt. við greinina, þeir Vilhjálmur Hjálmarsson og Stefán Valgeirsson. Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson voru ekki á fundi, þegar n. gekk frá álitinu.

Alþingi, 9. maí 1969.

Bjartmar Guðmundsson,
form., frsm.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.

Stefán Valgeirsson,
með fyrirvara.

Jónas Pétursson.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
með fyrirvara.